



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ

6. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2018

FIMMTUDAGINN 1. NÓVEMBER KL. 12:30

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nemandi sendir inn beiðni, sjá fskj. – notkun á íslensk – danskri orðabók í prófum samþykkt

Nemandi sendir in beiðni varðandi PEERS námskeið, sjá fskj. - samþykkt

Nemandi sækir um undanþágu í dönsku til stúdentsprófs – vísað til skólameistara til afgreiðslu

Nemandi sendir um beiðni varðandi meðferð hjá Litlu Kvíðameðferðarstöðinni, sjá fskj. - samþykkt

Nemandi sækir um undanþágu í stærðfræði til stúdentsprófs – vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stafsetningu til stúdentsprófs - samþykkt

Þrír nemendur segja sig frá námi

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Salsaball í næstu viku og ýmsar uppákomur dagana á undan eins og danssýning, karíókí, söngur o.fl. NFFG mun líka starfrækja útvarp í skólanum dagana fyrir ball. FG - Flensborgardagurinn tókst vel og stefnt er á að gera gátlista yfir það sem þarf að gera í tengslum við hann til að eiga fyrir næsta skólaár. Stefnt er á Vökunótt í skólanum 16.-17. nóv. þar sem horft verður á kvikmynd, LAN veður í boði o.fl.

3. Önnur mál

Rætt var um aðgerðir til að fá fleiri nemendur til að þiggja hafragraut sem er í boði og voru ýmsar hugmyndir reifaðar. Uppkast fundargerðar skólaráðs sem lagt er fram á skólaráðsfundum verður nafnlaust hér eftir í samræmi við markmið persónuverndarlaganna.

Fundinn sátu:

Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltrúi kennara

Auður Sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Broddadóttir, námsráðgjafi

Valdís Von Valdimarsdóttir, NFFG

Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara

Irena Ásdís Óskarsdóttir, forvarnafulltrúi

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi

Viktor Freyr Ómarsson, forseti NFFG